

Kjalnesingur

3. tbl. 13. árg.

Fréttabréf Íbúasamtaka Kjalarness

4. apríl 2013

Hverfapotturinn á Kjalarnesi

Undanfarin ár hefur íbúum borgarinnar staðið til boða að hafa áhrif á verkefni sem koma til framkvæmda í hverju hverfi.

Þrátt fyrir góða kynningu við síðustu kosningar verður að segjast að þátttaka hefði mátt vera betri. Vöknudú spurningar um hvort í raun sé verið að ná til hins almenna íbúa? Í því sambandi má geta þess að fleiri sóttu

Þau verkefni sem hlutu kosningu árið 2012 voru:

Garðlönd, berjarunnar, sjósundaðstaða, tré til skjóls við Fólkvang, upplýsingaskilti, rennibraut í sundlaug, lagfæring á göngustíg meðfram Grundarhverfi, akstursleið að leikskóla og að bæta lýsingu í hverfinu.

Eins og fram kemur hér í blaðinu eru í ár fjölmörg afar áhugaverð verkefni í boði sem íbúar eru hvattir til að kynna



almennan íbúafund um skipulagsmál en greiddu atkvæði í rafrænu kosningum í lok mars á síðast ári. Ef við leikum okkur með þau 45 atkvæði sem þá voru greidd á Kjalarnesi má allt eins ætla að allt að þriðjungur atkvæðanna hafi komið frá þeim sem voru að fjalla um þessar tillögur. Með þessu er alls ekki verið að kasta rýrð á þeirra atkvæði heldur draga fram hve lítið þessi atkvæðagreiðsla segi okkur um almennan vilja íbúa nema þá það að flestum standi nákvæmlega á sama hvernig valið sé á milli þeirra verkefna sem lögð voru fram í kosningunni.

sér og taka afstöðu til. Ánægjulegt væri að sjá góða og almenna þátttöku íbúa í þessum rafrænu kosningum sem stendur næstu daga eða til miðnætis þann 11. apríl.

Á blaðsíðum 8 og 9 eru ítarlegar upplýsingar um kosningarnar og þessi verkefni. Nánari upplýsinga má einnig fá hjá hverfisráðinu og íbúasamtökunum. Í því sambandi minnum við á viðtalstíma hverfisráðsins í Fólkvangi fimmtudaginn 4. apríl.

ÁH

Kjalnesingur

Útgefandi: Íbúasamtök Kjalarness
Ábyrgðarmaður: Ásgeir Harðarson
Netfang: kjalnesingur@kjalarnes.is

Heilsustefna Grafarvogs og Kjalarness

Vinningsnúmer í mars 2013:

1279

Vinningur í mars er fjölskylduspil.

Vinning ber að nálgast í Miðgarði, Gylfaflöt 5.

Framvísa þarf Heilsustefnu með viðkomandi númeri til að fá vinning afhentan.

Ef ekki er búið að sækja vinning innan 3ja mánaða frá útdrætti fer hann aftur í pottinn.

Mars vinning þarf því að sækja fyrir lok júní 2013.

Vinningsnúmer í febrúar 2013:

136

Vinningur í febrúar var fjölskyldumáltíð í boði Nings.

Vinning ber að nálgast í Miðgarði, Gylfaflöt 5.

Framvísa þarf Heilsustefnu með viðkomandi númeri til að fá vinning afhentan.

Ef ekki er búið að sækja vinning innan 3ja mánaða frá útdrætti fer hann aftur í pottinn.

Febrúar vinning þarf því að sækja fyrir lok maí 2013.

Kjalnesingur

Áætlaður útgáfutími næsta fréttabréfs Kjalnesings er í lok apríl.

Við fögnum öllu efni sem berst til okkar og reynum eftir föngum að birta það við fyrstu hentugleika.

Þá eru allar auglýsingar afar vel þegnar einkum ef smávægilegur útgáfustyrkur fylgir með.

Í næsta blaði verða kynntir aðalfundir þriggja félaga þ.e. Íbúasamtaka Kjalarness, Þróunarfélags Kjalnesinga og Brautarholtssóknar. Auk þess verður sagt frá stofnfundi rekstrarfélags félagsheimilisins Fólkvangs.

Undirbúningur fyrir Kjalarnesdaga sem verða í lok júní er hafinn og leitað er eftir áhugasömum aðilum í undirbúning. Það eru mörg spennandi verkefni framundan og gaman væri ef fleiri hefðu tök á að leggja lið í þessari vinnu.



KOMPUDAGUR Í FÓLKVANGI

laugardaginn 20. apríl frá kl 13-17.

Kvenfélagið Esja sér um veitingasölu.

Söluborðið kostar 1000 kr

Básapantanir hjá í Írisi Fjólu í síma 868-1573

Kvenfélagið Esja

Fastir fundir eru í Fólkvangi kl. 20:00 annan miðvikudag í hverjum mánuði.

Félagsstarf 60 ára og eldri

Munið fundina á fimmtudögum milli kl. 15-17 í Fólkvangi.

Alltaf heitt á könnunni!

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg s: 695 1352.

Póstlistinn "á döfinni"

Íbúasamtök Kjalarness hafa haldið utan um póstlista sem telur yfir 300 netföng hjá íbúum á Kjalarnesi.

Þessi netfangalisti er nýttur til að koma skilaboðum til íbúa eða vekja athygli á viðburðum á Kjalarnesi. Ef þú hefur ekki fengið póstinn "á döfinni" frá ÍK á síðustu vikum ertu ekki á þessum póstlista.

Með því að senda póst á ik@kjalarnes.is merktur "póstlisti" verður netfang þitt skráð á þennan lista.

Skráðu þig á póstlistann

Vefur okkar Kjalnesinga www.kjalarnes.is sendir sjálfkrafa út raf-póst til þeirra sem skrá sig á póstlistann þegar fréttir eða tilkynningar eru ritaðar á vefinn. Viljum við hvetja alla sem áhuga hafa á umhverfi sínu og samfélagi að skrá sig á póstlistann.

Vinsamlegast sendið okkur póst á kjalnesingur@kjalarnes.is og óskið eftir að verða skráð á póstlistann.

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffiu Sóleyju í síma 662 5566.

Grænt Kjalarnes – Heimajarðgerð

Kynning á heimajarðgerð og jarðgerðartunnum í Fólkvangi félagsheimili Kjalnesinga 7. maí kl.19:30-21:30.

Lífræn efni sem til falla í garðinum og eldhúsinu má með einföldum hætti jarðgera og nýta sem jarðvegsbæti og áburðargjafa, m.a. í beð og á grasflatir. Jarðgert lífrænt

á neðri hluta tunnunnar til að auðvelda losun. Kostur þess að nota jarðgerðartunnu er að niðurbrotsferlið tekur mun skemmri tíma en t.d. við notkun á opnum timburkössum. Ástæðan er m.a. sú að meiri hiti myndast í tunnunni en í opnum kassa.



efni er yfirleitt kallað molta eða safnhaugamold og inniheldur hátt hlutfall næringar- og húmusefna. Þessi efni skapa jákvæð skilyrði í jarðvegi fyrir örverur, sveppi og jarðvegsdýr og stuðla þannig að auknu heilbrigði gróðurs, m.a. getu til að bregðast við sjúkdómum, meindýrum og öðrum áföllum.

Minni sorplosun

Þeir sem jarðgera draga verulega úr magni sorps frá heimilinu en áætlað er að um 30-50% af heimilissorpi sé lífrænt og endurnýtanlegt. Jarðgerð stuðlar að aukinni sjálfbærni, dregur úr sorpmagni og tilheyrandi mengun, m.a. við flutning, urðun eða brennslu sorps.

Jarðgerðartunnur

Nota má ýmsar aðferðir og ílát við jarðgerð en flestum meðalstórum heimilum hentar að nota svokallaða jarðgerðartunnu eða sambærilegt ílát sem rúmar um 100-300 lítra. Jarðgerðartunnur eru yfirleitt með lokuðum botni og opnanlegar að ofan. Flestar tunnur eru útbúnar með hlera

Grænt Kjalarnes

Í tengslum við Grænt Kjalarnes hefur Reykjavíkurborg ákveðið að bjóða íbúum á Kjalarnesi til kynningar á jarðgerð og jarðgerðartunnum. Á kynningunni munu sérfræðingar frá EFLU verkfræðistofu fara yfir grunnatriði heimajarðgerðar, m.a. hvaða hráefni má nýta í jarðgerð og hvernig best er að standa að jarðgerðinni. Á svæðinu verða til kynningar jarðgerðartunnur. Gert er ráð fyrir að Reykjavíkurborg muni niðurgreiða jarðgerðartunnur fyrir íbúa á Kjalarnesi.

Kynningin verður haldin í Fólkvangi 7. maí nk. klukkan 19:30-21:30

Það er von okkar að sem flestir sjái sér fært að mæta, fræðast um heimajarðgerð og taka þátt í að gera Kjalarnes sjálfbærara og umhverfisvænna samfélagi.

Munið viðtalstíma hverfisráðsins

í Fólkvangi milli kl. 18 og 19. fyrsta fimmtudag í mánuði.

Framsókn fyrir heimilin og atvinnulífið

Margir glíma nú við afleiðingar efnahagshrunsins. Sá veruleiki birtist meðal annars í stökkbreyttum lánum og atvinnumissi með tilheyrandi vanda. Á fimm ára tímabili frá desember 2007 til desember 2012 hækkaði vísitala neysluverðs um 42,7% og verðtryggðu lánin í samræmi við það. Fasteignaverð hefur þó ekki hækkað á tímabilinu svo eignabruninn er gríðarlegur. Á sama fimm ára tímabili rúmlega tvöfaldaðist fjöldi fólks á atvinnuleysissskrá og er nú vel á níunda þúsund. Utan við þá tölu er t.d. fólk sem sest hefur á skólabekk eða flutt úr landi. Lánin fara enn hækkanði. Í febrúarmánuði einum hækkaði vísitala neysluverðs um 1,64%. Verðtryggt lán að fjárhæð 22 milljónir kr. hækkaði því um 360 þúsund kr. á einum mánuði.

Hinn príþætti vandi

Framsóknarmenn leggja mikla áherslu á að taka á skuldavanda heimilanna og efla atvinnulífið. Allt snýst þetta um að bæta lífskjör fólks og skapa skilyrði fyrir aukinni velferð. Þeim viðfangsefnum sem snúa að fjárhagsvanda heimilanna má í grófum dráttum skipta í þrennt. Í fyrsta lagi uppsafnaða vandann sem felst í stökkbreyttum lánum. Í öðru lagi er hætta á að stökkbreytingarferlið endurtaki sig verði ekkert að gert. Í þriðja lagi skortir fleiri og betri atvinnutækifæri svo fólk geti sjálft bætt lífskjör sín.

Leiðrétting verðtryggðra húsnæðislána

Við erum eindregið þeirrar skoðunar að ekkert geti réttlætt að lánþegar verðtryggðra húsnæðislána sitji einir uppi með afleiðingar þess að lánin stökkbreyttust af völdum efnahagshruns. Ýmsar leiðir hafa verið nefndar til að fjármagna leiðréttingarnar. Sú sem framsóknarmönnum hugnast best er sú að nýta það svigrúm sem væntanlega mun skapast við afskriftir krafna á hina föllnu banka. Þær kröfur eru að megninu til í eigu vogunarsjóða sem keyptu þær eftir bankahrunið og eftir að gjaldeyrishöftin voru sett á. Framundan eru flóknar samningaviðræður við kröfuhafana. Ríkið þarf að nýta samningsstöðu sína vel. Þar eru mörg hundruð milljarða króna hagsmunir í húfi. Því er mjög brýnt að vanda til verka og fá færustu sérfræðinga og samningamenn okkur til liðsinnis.

Afnám verðtryggingar á neytendalánum

Til að hindra að verðtryggð neytendalán, þ.m.t. húsnæðislán, stökkbreytist að nýju þarf að afnema verðtryggingu á þeim. Þannig skiptum við áhættunni af verðlags-hækkunum milli lánveitenda og lánþega í stað þess að lánþegar beri hana einir. Verðlagshækkanir hækka þá ekki framar höfuðstólinn. Með lagasetningu og tilteknum kerfisbreytinum er hægt að koma því í kring að enginn þurfi að taka ný verðtryggð lán til íbúðakaupa. Einnig þarf að tryggja að lánþegar eldri verðtryggðra lána geti skipt þeim yfir í óverðtryggð lán á tiltölulega stöðugum vöxtum.



Þorsteinn Magnússon

Fjölgun starfa

Það er forgangsverkefni að skapa fleiri og betur launuð störf. Nýlega kom fram að á næstu árum þarf að skapa a.m.k. 10 þúsund ný störf svo unnt verði að koma á fullri atvinnu og mæta vaxandi fjölda á vinnumarkaði. Við fjölgun starfa munu lítil og meðalstór fyrirtæki gegna lykilhlutverki. Einfalda þarf bæði regluverk og skattkerfi til að skapa jákvæða hvata til uppbyggingar í atvinnulífinu. Sömuleiðis þarf að skapa skilyrði fyrir aukinni fjárfestingu en hún hefur verið í sögulegu lágmarki undanfarin ár. Reiknað hefur verið út að ríkið hagnast um 20 milljarða kr. á ári fyrir hver 5000 ný störf sem skapast. Við þá útreikninga er tekið mið af heildarlaunum verkafólks á almennum vinnumarkaði, fjárhæð atvinnuleysisbóta og skatthlutföllum ársins 2012. Með hærri tekjum fyrir hvert starf verður ávinningurinn vitaskuld meiri en þessar tölur gefa til kynna, ekki bara fyrir launþegann heldur samfélagið allt.

Höfundur er lögfræðingur og skipar 3. sæti á framboðslista Framsóknar í Reykjavík norður.

Munið viðtalstíma hverfisráðsins

í Fólkvangi milli kl. 18 og 19. fyrsta fimmtudag í mánuði.

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffiu Sóleyju í síma 662 5566.

Vortónleikar

Vortónleikar Karlakórs Kjalnesinga verða í Langholtskirkju á sumardaginn fyrsta

25. apríl kl. 20.00 og laugardaginn 27. apríl kl. 16.00.



Gestasöngvari er Egill Ólafsson

Hljómsveit skipa: Jóhann Hjörleifsson, Jón Rafnsson,
Kjartan Valdemarsson og Mattías Stefánsson.

Stjórnandi: Örlygur Atli Guðmundsson

Efnisskráin: Íslensk, rússnessk og sænsk karlakóraklassík með hæfilegum skammti af Stuðmönnum og Þursum.

Miðaverð er kr. 3.000 en kr. 2.500 í forsölu

Miðasala á karlakor.is, hjá kórfélögum og við innganginn.



Útvega mold og grús.

Vinnuvélar, krani og vörubílar í ýmsum stærðum til garðvinnu, stíga- og veglagninga o.s.f.v.

Óli Valli 897-7605

Kjalnesingar!

Fylgist með "á döfinni" inni á www.kjalarnes.is þar sem finna má ýmsa viðburði okkar KJALNESINGA.



Ökumennt

Ökukennsla, Akstursmat, Endurtökupróf



Pétur Þórðarson

Ökukennari

Búagrund 1, Kjalarnesi

s. 892 7480

okunam@okunam.is

www.okunam.is

Vísitasía biskups Íslands

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, vísiteraði Reyni-vallaprestakall á pálmásunnudag, 24. mars s.l., í björtu og fögru veðri. Með í för með biskupi var biskupsritari, séra Þorvaldur Víðir Víðisson.

Vísitasían hófst með heimsókn biskups í Brautarholtskirkju þar sem formaður sóknarnefndar, Ásgeir Harðarson, bauð frú Agnesi velkomna. Síðan hafði biskup stutta helgistund

Síðasti viðkomustaður biskups í prestakallinu var Saur-bæjarkirkja. Heimsókn biskups lauk með sameiginlegum söng við undirleik Páls Helgasonar organista.

Þetta er upphaf fyrstu vísitasíuferðar biskups sem er um Kjalarnessprófastsdæmi sem nær frá Hvalfjarðarbotni um Mosfellsbæ, Garðabæ, Hafnarfjörð og Reykja-nesskagann. Vísitasíuferðinni lýkur snemma í júní.



og sr. Gunnar Kristjánsson sóknarprestur sagði frá stað og kirkju. Í framhaldi voru síðan almennar fyrirspurnir sóknar-barna og áhugaverðar umræður.

Síðan lá leiðin inn í Kjós þar sem biskup prédikaði við guðspjónustu í Reynivallakirkju en sóknarprestur þjónaði fyrir altari. Að messu lokinni var kirkjukaffi í Félagsgarði í Kjós þar sem biskup ávarpaði gesti og lýsti fyrir ánægju sinni yfir góðum móttökum.

Slíkar ferðir hafa mikið gildi, biskup á samskipti við fjölda fólks í kirkjustarfi en einnig heimsækir hún leikskóla, skóla, sjúkrastofnanir, vistheimili, dvalarheimili fyrir aldraða og flugstöðina í Keflavík svo eitthvað sé nefnt og er hvarvetna áfúsugestur. Hún hittir fólk vítt og breitt úr samfélaginu og býður ávallt til samtals um málefni kirkju og samfélags. Vísitasían er kærkomið tækifæri fólks til að hitta biskups og sömuleiðis dýrmætt tækifæri biskups til að kynnst kirkjustarfi og samfélagi vítt og breitt um landi.

Munið viðtalstíma hverfisráðsins

í Fólkvangi milli kl. 18 og 19. fyrsta fimmtudag í mánuði.

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffíu Sóleyju í síma 662 5566.



ÁGÆTU KJALNESINGAR

Takk fyrir að flokka!

PAPPÍR
ER EKKI RÚSL

QR code

Allt um breytta sörphléu í hverfinu þínu er að finna á pappirerekkir.is

Reykjavíkurborg SORPA

UMFK – fréttir

Aðalfundur UMFK var haldinn í Fólkvangi þann 7. mars síðastliðinn, þar fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf þar sem farið var yfir það helsta sem félagið hefur staðið fyrir á síðast ári, farið yfir ársreikning og kosið í nýja stjórn. Við hefðum viljað sjá fleiri á fundinum en þó voru nokkur ný

Páskabingó

Þann 20. mars stóð UMFK fyrir páskabingói sem var mjög vel sótt, enda var um veglega vinninga að ræða. Við þökkum eftirtöldum styrktaraðilum fyrir dýrmætan stuðning. SIA, Útilegumaðurinn, Klébergslaug, Bílanaust, SuperSub,



andlit þannig að okkur tókst að mynda nýja stjórn með nokkrum nýjum og ferskum sjálfbóðaliðum í okkar góða og framsækna starf.

Starfsemin hjá okkur gengur vel en iðkendur í dag eru komnir yfir eitt hundrað og hefur verið að fjölga jafnt og þétt á síðustu tveimur árum. Hjá félaginu eru stundaðar frjálsar íþróttir, íþróttaskóli fyrir yngstu iðkendurnar, parkour, sund og svokölluð heilsurækt fyrir unglingana. UMFK ætlar að halda áfram því starfi sem unnið hefur verið á sl. árum og vinna að því að efla það og styrkja.

Núverandi stjórn félagsins er þannig skipuð. Guðrún Dögg Gunnarsdóttir, formaður, Birna Ragnarsdóttir, varaformaður, Íris Fjola Bjarnadóttir, gjaldkeri, Sigrún Jóhannsdóttir ritari. Meðstjórnandi er Arnar Grétarsson. Varamenn eru Soffía Sóley Práinsdóttir, Málfríður Kristín Ólafsdóttir og Svanhvít Jóhannsdóttir.

Skjár einn, Bílanaust, Adidas, Líf og List, Landsnámssetrið, Daugasetrið, Bón og þvottastöðin, bókaforlagið Edda, Kryddlegin hjörtu, Matfugl, Rúmfatalagerinn, Saffran, Sambó, Serrano, Sigurborg, Nam, Baðhúsið, Elding, Kolla, Olís, Hjá Jobba, Litla þrónabúðin, Ikea og Margt smátt.

Við þökkum öllu því frábæra fólki sem kom og tók þátt í þessari skemmtilegu stund með okkur.

Stjórn UMFK



Rafrænar kosningar - betri hverfi

Rafrænar íbúakosningar í Reykjavík um verkefni í hverfum borgarinnar eru hafnar. Kosningarnar standa yfir dagana 4. – 11. apríl. Til að kjósa fara kjósendur inn í rafrænan kjörklefa á vefslóðinni **kjosa.betrireykjavik.is** og auðkenna sig með aðalveflykli ríkisskattstjóra eða rafrænum skilríkjum. Vefslóðin verður ekki virk fyrr en eftir miðnætti. Allir sem voru orðnir 16 ára um síðustu áramót og eiga lögheimili í Reykjavík geta kosið.

Alls eru 229 verkefni í boði í hverfum Reykjavíkur, allt að 30 verkefni í hverfi. Verkefnin voru valin úr hugmyndum sem íbúar sendu inn á vefsvæðið Betri hverfi á samráðsvefnum Betri Reykjavík.

Meðal athyglisverðra valkosta í kosningunum eru þrír strand-blakvellir, hreystibraut við skóla, hundagerði, skíðaaðstaða, jólaljós- og skreytingar, sleðabrekka, aparólur, útilistaverk og afraunasteinar. Á verkefnalistunum eru bæði minni og stærri hugmyndir, sem bæta og fegra íbúahverfi borgarinnar. Áætlaður kostnaður við framkvæmd hugmyndanna er allt frá

30 milljónum króna niður í 300 þúsund kr.

Um 600 hugmyndir frá íbúum bárust inn á vefsvæðið Betri hverfi en þar var hægt að setja inn hugmyndir til 15. febrúar sl. Er það nær helmingss fjöldurinn frá því í fyrra þegar 350 hugmyndir bárust.

Þegar hugmyndavefnum var lokað tóku íbúanefndir úr hverfunum, hverfisráð og fagteymi Reykjavíkurborgar við hugmyndunum. Þessir aðilar fóru yfir allar hugmyndirnar og völdu þær frambærilegustu til uppröðunar í íbúakosningunum.

Verkefni sem kosin verða koma til framkvæmda á þessu ári og er kostnaðurinn við þau 300 milljónir.

Þetta er í þriðja sinn sem rafrænar íbúakosningar eru haldnar í Reykjavík. Í fyrra var notast við rafræn auðkenni í slíkum kosningum í fyrsta sinn á Íslandi. Voru þá 124 verkefni kosin og hafa þau nú að mestu verið framkvæmd af hálfu borgarinnar.

Kjalarnes

Heiti verkefna

Verð í m.kr.

Setja upp aparólu (svifbraut) á lóð Klébergsskóla	4,0
Setja upp nýjan heitan pott í Klébergslaug	3,0
Setja gler í grindverk við Klébergslaug til að bæta útsýni	2,0
Fegra umhverfi Bergvíkurlækjar með gróðursetningu o.fl.	2,5
Lagfæra og ganga frá svæði ofan Helgugrundar 2-4 og 6	2,0
Lagfæra innkeyrslu að Klébergsskóla við Vallargrund	1,5
Fjölga stauraruslastömpum við göngustíga í hverfinu	0,5
Setja upp skilti um góða umgengni hundaeigenda	0,5
Malbika stíg milli Helgugrundar og Jörfagrundar	4,0
Halda áfram uppbyggingu sjósundaðstöðu í Hofsvík	2,0
Fjölga leiktækjum á lóð Klébergsskóla	3,0
Setja upp strandblakvöll á útivistarsvæði í nágrenni skóla	4,0
Hverfisráð efni til samkeppni um útilistaverk	1,0
Setja upp örnefna- og söguskilti á Klébergi	1,0
Helluleggja fyrir framan borðsal í Fólkvangi	4,0
Setja upp aðstöðu fyrir jólatré í miðju hverfis	0,5
Gróðursetja í nágrenni Vallarlækjar austan Fólkvangs	1,5
Endurnýja fánastöng við Fólkvang	0,3
Setja "börn að leik" skilti á leið frá þjóðvegi að sundlaug	0,1

Verð samtals 37,4

Fjárheimild hverfis 9,0

Íbúakosningar 4. - 11. apríl um verkefni í hverfum Reykjavíkur

Hvað vilt þú?

Þú getur kosið um verkefni í þínu hverfi 4. - 11. apríl

kjosa.betriereykjavik.is

Svona gerir þú í fimm einföldum skrefum

Þú slærð inn slóðina kjosa.betriereykjavik.is. Smellir á island.is og auðkennir þig




Þú velur hverfi sem þú vilt kjósa í



Þú velur verkefni af listanum og smellir á hnappinn Greiða atkvæði



Staðfesting birtist um að atkvæði þitt hafi verið mótttekið



Viðtalstími hverfisráðs Kjalarness er fyrsta fimmtudag hvers mánaðar kl. 18-19 í Fólkvangi.

Næsti viðtalstími verður fimmtudaginn 4. apríl.

Í hverjum viðtalstíma eru tveir fulltrúar Kjalnesinga í hverfisráði til viðtals um málefni svæðisins og það sem brennur á íbúum og snertir þjónustu borgarinnar, skipulag eða umhverfismál, svo dæmi séu tekin.

Á vef Reykjavíkurborgar segir eftirfarandi um hverfisráð:

"Hverfisráð skulu stuðla að hvers konar samstarfi innan hverfis. Þau eru vettvangur samráðs íbúa, félagasamtaka, atvinnulífs og borgaryfirvalda, og eru virkir þátttakendur í allri stefnumörkun hverfanna. Þannig eru hverfisráð ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva í hverfum og stuðla að eflingu félagsauðs í hverfum. Þá stuðla hverfisráð að kynningu skipulags, framkvæmda og þjónustu borgarstofnana í hverfunum og beita sér fyrir því að samráð verði haft við íbúa, allt eftir eðli máls hverju sinni. Hverfisráð fá til kynningar auglýstar breytingar á skipulagi og umhverfi er snerta hverfið auk kynninga á stærri framkvæmdum og meginbreytingum á þjónustu. Hverfisráð geta gert tillögur til stjórnar eignasjóðs um forgangsroðun framkvæmda í hverfinu."

Kompudagur í Fólkvangi

Kaffihúsa- og markaðastemming í Fólkvangi laugardaginn 20. apríl frá kl 13-17.

Kvenfélagið Esja sér um veitingasölu.

Söluborðið kostar 1000 kr.

Básapantanir hjá Írisi Fjólu í síma 868-1573 eða með tölvupósti á irisfjola@simnet.is



Renta ehf. ökukennsla

Ökukennsla - Akstursmat - Endurtökupróf - Bíll - Mótorhjól



Eiríkur Hans Sigurðsson, löggiltur ökukennari, sími.: 895 8125
renta@renta.is - www.renta.is

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffíu Sóleyju í síma 662 5566.

Munið breyttan opnunartíma fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir

Á Kjalarnesi er móttakan í Áhaldahúsinu
opin alla miðvikudaga kl. 15:00 - 19:00

Hvernig á að flokka?

Almenna reglan er að drykkjarvöruumbúðir, fyrir utan þær umbúðir sem innihalda vín, þurfa að hafa innihaldið vatn með eða án kolsýru, eða vatnsblönduð efni til drykkjar, til að vera skilagjaldsskyldar. Um er að ræða tilbúna drykkjarvöru sem hægt er að drekka beint úr viðkomandi umbúðum.

Eftirtaldar umbúðir eru skilgreindar sem skilagjaldsskyldar umbúðir:

- Ál- og stáldósir fyrir gosdrykki og bjór 33cl og 50 cl.
- Plastflöskur fyrir gosdrykki 50cl.—2 lítra.
- Dósir, plast— og glerflöskur fyrir orkudrykki.
- Dósir, plast— og glerflöskur fyrir tilbúna ávaxtasafa.

- Glerflöskur fyrir gosdrykki frá Víðfelli (allar einnota nuna)
- Glerflöskur fyrir öl (bjór).
- Glerflöskur fyrir áfengi, bæði léttvín og sterk vín.

Ekki er skilagjald á umbúðum undan ávaxtaþykkni, mjólkurdrykkjum, matarolíu, tómatsósu eða þvottalegi.

Umbúðum má skila með öðrum plastumbúðum, t.d. í græna grenndargáma eða í steinefnagám ef um glerflöskur er að ræða.

Frekari upplýsingar um hvaða umbúðir bera skilagjald, sem og gjaldskrá, má fá hjá Endurvinnslunni hf.

Sjá endurvinnslan.is

Hvað verður um efnið?

Endurvinnslan hf. tekur við skilagjaldskyldum umbúðum sem berast til SORPU og baggar áldósir og plastumbúðir í pressum. Umbúðirnar eru svo fluttar erlendis til endurvinnslu. Framleiðsla úr endurunnum áldósum eru nýjar

áldósir og úr gömlu plastflöskunum er framleidd polyester ull— efni sem nýtist í fataiðnaði, teppaframleiðslu o.fl. Flís-föt eru þekktasta afurðin. Glerflöskur eru muldar og nýtast sem fyllingarefni hérlandis.



Kjalnesingar!

Fylgist með “á döfinni” inni á www.kjalarnes.is þar sem finna má ýmsa viðburði okkar KJALNESINGA.

Pípulagnabjónusta

Viðhald - Viðgerðir - Breytingar

Maggi pípari,

S: 898-8870

Kompudagur í Fólkvangi

Kaffihúsa- og markaðastemming í Fólkvangi laugardaginn 20. apríl frá kl 13-17. Kvenfélagið Esja sér um veitingasölu.

Söluborðið kostar 1000 kr

Básapantanir hjá í Írisi Fjólu í síma 868-1573

Grænt Kjalarnes – Heimajarðgerð

Kynning á heimajarðgerð og jarðgerðartunnum í Fólkvangi félagsheimili Kjalnesinga 7. maí kl.19:30-21:30.

Viðtalstími hverfisráðs Kjalarness er fyrsta fimmtudag hvers mánaðar kl. 18-19 í Fólkvangi

Næsti viðtalstími verður fimmtudaginn 4. apríl.

Hverfisráð Kjalarness

HELGIHALD Í BRAUTARHOLTSSÓKN

25. apríl, kl. 11:00. Sumardagurinn fyrsti, guðspjónusta í Brautarholtskirkju, **ferming**.

28. apríl, kl. 11:00. Guðspjónusta í Brautarholtskirkju, **ferming**.

19. maí, kl. 11:00. Hvítasunnudagur, guðspjónusta í Brautarholtskirkju



Messur í Reynivallakirkju í Kjós:

5. maí, guðspjónusta kl. 14, **ferming**.

Organisti: Páll Helgason,

Gunnar Kristjánsson
sóknarprestur